

Nd.

26. Frumvarp til laga

[23. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 25 24. apríl 1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Á eftir liðnum „Létt bifhjól“ í 2. gr. komi nýr liður, svo hljóðandi:
Beltabifhjól: Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum hjólum eða meiðum og er 400 kg eða minna að eigin þyngd.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Dráttarvélar og beltabifhjól skulu búið öruggum tengibúnaði og tækjum þeim, sem um getur í 5. gr., eftir því sem við á og nánar skal ákveðið í reglugerð.

3. gr.

10. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra getur með reglugerð sett frekari ákvæði um gerð ökutækja, búnað o. fl. Hann getur og veitt nauðsynlegar undanþágur fyrir ökutæki, sem ætluð eru til sérstakra nota, og enn fremur kveðið á um áritanir og merki, sem nauðsynlegt er að setja á ökutæki til eftirlits.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að óheimilt sé að nota tiltekna hluti eða búnað í ökutæki eða til verndar ökumanni, farþegum eða öðrum vegfarendum, sem eigi hafa hlotið viðurkenningu bifreiðaeftirlits ríkisins. Hann getur og bannað viðskipti með hluti eða búnað, sem ekki hefur verið viðurkenndur.

4. gr.

11. gr. orðist svo:

Áður en bifreið, bifhjól, létt bifhjól, beltabifhjól eða dráttarvél er tekin í notkun, skal eigandi ökutækisins eða umráðamaður senda bifreiðaeftirliti ríkisins tilkynningu um það. Sama er um tengi- eða festivagna, sem eru 500 kg að eigin þyngd eða meira.

Fullnægi ökutækið settum reglum, skal það fært á ökutækjaskrá. Jafnframt skulu sett skráningarmerki á ökutækið. Á bifreiðum skulu vera tvö skráningarmerki, að framan og að aftan. Á öðrum skráningarskyldum ökutækjum skal vera eitt skráningarmerki.

Á hverjum ársfjórðungi ber forstöðumanni bifreiðastöðvar að senda hlutaðeigandi lögreglustjóra skrá um allar bifreiðar og bifreiðastjóra á stöðinni.

Bifreiðaeftirlit ríkisins gefur út skráningarskírteini ökutækis, og skal það ávallt fylgja því.

5. gr.

12. gr. orðist svo:

Bifreiðaeftirlit ríkisins lætur í té skráningarmerki af þeirri gerð og gegn því gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákveður. Merkin skulu ávallt vera læsileg, og má eigi hylja þau.

Nú glatast skráningarmerki eða verður ónothæft, og skal það þegar tilkynnt á næstu lögreglustöð. Er þá heimilt að nota ökutækið, samkvæmt nánari reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

6. gr.

13. gr. orðist svo:

Bifreiðaeftirlit ríkisins getur, ef sérstaklega stendur á, heimilað, samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur, akstur skráningarskyldra ökutækja án skráningar. Skal í þessum reglum ákveða, að gjald komi fyrir leyfið.

7. gr.

14. gr. orðist svo:

Nú verða eigendaskipti að skráðu ökutæki, og skal þá bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tilkynna það til ökutækjaskrár innan hálf's mánaðar. Sama gildir, ef eigandi ökutækis breytir um nafn eða lögheimili.

8. gr.

15. gr. orðist svo:

Bifreiðaeftirlit ríkisins annast skráningu, skoðun og eftirlit ökutækja.

Dómsmálaráðherra skipar bifreiðaeftirlitinu framkvæmdastjóra, svo og eftirlitsmenn ökutækja, bifreiðaeftirlitsmenn, sem hafa lögregluvald á starfssviði sínu. Hann ákveður undæmi þeirra og starfssvið. Eftirlitsmenn skulu vera sérfróðir um þau mál, er vélknúin ökutæki varða, gerð þeirra, akstur og aðra meðferð, svo og lög þau og reglur, er um þau gilda. Engan má skipa eftirlitsmann, nema hann hafi lokið prófi, er sýni, að hann sé þeim kostum búinn og hafi þá kunnáttu, sem nauðsynleg er til starfsins. Dómsmálaráðherra setur reglur um kennslu, prófkröfur og önnur hæfnisskilyrði eftirlitsmanna, svo og reglur um starfsemi bifreiðaeftirlits ríkisins.

9. gr.

1. mgr. 17. gr. orðist svo:

Þegar tilkynning hefur borist bifreiðaeftirliti ríkisins um ökutæki, sbr. 11. gr., skal eftirlitsmaður skoða ökutækið og sker hann úr um, hvort það fullnægir kröfum laga og reglugerða.

10. gr.

18. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra ákveður, hve oft almenn skoðun skráningarskyldra ökutækja skuli fara fram. Hann getur ákveðið, að tiltekna gerðir ökutækja séu skoðaðar á skemmra fresti en almennt er boðið. Lögreglustjórar eða bifreiðaeftirlitsmenn geta, hvenær sem er, krafist þess, að skráningarskyld ökutæki, sem eru í umdæmi þeirra, séu færð til skoðunar, svo að ganga megi úr skugga um, hvort þau séu í lögmæltu ástandi. Bifreiðaeftirlit ríkisins ákveður hvar og hvenær almenn skoðun ökutækja fer fram. Eftirlitsmenn rita vottorð um skoðun ökutækja í skráningarskírteini.

11. gr.

19. gr. orðist svo:

Lögreglustjóri eða bifreiðaeftirlitsmaður getur, hvenær sem er, krafist þess, að skráningarskyld ökutæki, sem er í umdæmi hans, sé fært til sérstakrar skoðunar á þann stað, er hann ákveður.

Lögreglumönnum og bifreiðaeftirlitsmönnum er heimilt, hvenær sem er, að stöðva ökutæki, skoða það samstundis og athuga ökuskrírteini.

Verði starfsmaður viðgerðarverkstæðis þess var, að öryggisbúnaði vélknúins ökutækis, sem þar er til viðgerðar eða breytinga, sé áfátt, skal hann skýra yfirmanni verkstæðis frá því, en honum ber að gera eiganda ökutækisins aðvart og síðan tilkynna það bifreiðaeftirlitsmanni eða lögreglustjóra, ef eigi verður úr bætt.

12. gr.

20. gr. orðist svo:

Nú kemur í ljós, að skráningarskyld ökutæki fullnægir ekki lögum og reglum eða er eigi fært til skoðunar, þegar krafist er, og getur þá lögreglustjóri eða bifreiðaeftirlitsmaður bannað notkun þess og tekið af því skráningarmerki, uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt var eða vanrækt. Skal þá eftirlitsmaður skoða ökutækið, áður en skráningarmerkin eru afhent aftur.

Heimilt er að afskrá ökutæki án samþykkis eiganda, ef það er ónýtt að dómi eftirlitsmanns. Tilkynna skal nafnskráðum réttihöfum ökutækisins um afskráninguna með hæfilegum fyrirvara.

Nú vill eigandi ökutækis fá það afskráð, og skal því aðeins sinna þeirri beiðni, að telja megi ökutækið ónýtt.

Um leið og ökutæki er afskráð skal skráningarmerkjum þess skilað.

13. gr.

3. mgr. 23. gr. orðist svo:

Ef eigandi (umráðamaður) skráningarskylds ökutækis, sem flutt hefur verið hingað frá útlöndum, er búsettur hér á landi, skal skrá ökutækið hjá bifreiðaeftirliti ríkisins eða afhenda skráningarmerki þess innan hálf mánaðar eftir að það kom til landsins. Taki eigandi (umráðamaður) hins erlenda ökutækis sér búsetu hér á landi, eða ef ökutækið verður eign aðila, sem hér er búsettur, skal skrá ökutækið eða afhenda hin erlendu skráningarmerki innan hálf mánaðar.

14. gr.

Á eftir 3. mgr. 28. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Enginn má stýra beltabifhjóli nema hann hafi skírteini til aksturs bifreiða, bifhjóla, dráttarvéla eða léttra bifhjóla.

15. gr.

55. gr. breytist sem hér segir:

- a. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Lengd ökutækis má ekki vera meiri en 12 m. Ökutæki með festivagni má þó vera 15 m að lengd og ökutæki með tengivagni 18 m.

- b. 6. mgr., sem verður 7. mgr., orðist svo:

Ákvæðin hér að framan um breidd, lengd og hæð ökutækis gilda einnig um farm þess.

16. gr.

Í stað orðsins „vegamálastjóri“ í 3. og 4. mgr. 56. gr. komi: veghaldari.

17. gr.

57. gr. orðist svo:

Við bifreið, beltabifhjól eða dráttarvél má aðeins tengja einn tengivagn eða festivagn. Lögreglustjóri getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessum, ef sérstök nauðsyn er, enda komi samþykki vegamálastjóra til um akstur á vegum utan kaupstaða.

Skráningarskyldan tengi- eða festivagn má aðeins tengja við bifreið, beltabifhjól eða dráttarvél, sem til þess er talin hæf og hefur um það áritun í skráningarskirteini. Auk skráningarmerkis skal hver tengi- eða festivagn auðkenndur að aftan skráningartölu dráttartækisins.

18. gr.

1. mgr. 58. gr. orðist svo:

Til dráttar tengitækis má nota beltabifhjól, dráttarvél eða vinnuvél. Enn fremur bifreið, sem skráð er til aksturs með tengivagn eða viðurkennd til aksturs með tengitæki. Ekki má aka með meira en eitt tengitæki.

19. gr.

70. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 25 24. apríl 1974, breytist sem hér segir:

- a. 1. mgr. orðist svo:

Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í váttryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við váttryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 12 000 000 fyrir bifreið og kr. 6 000 000 fyrir önnur ökutæki.

- b. Í stað „kr. 400 000.00“ í 2. mgr. komi: kr. 600 000.

20. gr.

Í stað „2‰“ í 1. mgr. 73. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 23 3. maí 1972 og 2. gr. laga nr. 25 24. apríl 1974, komi: 1.25‰.

21. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær bifreiðæftirlit ríkisins tekur við skráningu ökutækja samkvæmt lögum þessum. Fram til þess annast lögreglustjórar skráningu ökutækja samkvæmt núgildandi ákvæðum.

Ákvæði 4. gr. um skráningu beltabifhjóla koma til framkvæmda 1. janúar 1976. Nægilegt er þó, að beltabifhjól, sem tekin hafa verið í notkun fram til 1. janúar 1976, séu tilkynnt til skráningar fyrir 1. maí 1976.

Ákvæði 19. og 20. gr. koma til framkvæmda 1. mars 1976.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Meginefni frumvarps þessa felur í sér þær breytingar á ákvæðum umferðarlaga, að gert er ráð fyrir því, að hætt verði að umskrá ökutæki vegna flutninga milli lögsagnarumdæma, svo og því að Bifreiðaeftirlit ríkisins annist skráningu ökutækja í stað lögreglustjóra. Frumvarpið hefur ennfremur að geyma ákvæði um skráningu og notkun beltabifhjóla (vélsleða) og um hámarks lengd ökutækja. Þá er lagt til, að hækkaðar verði váttryggingarfjárhæðir fyrir hina lögboðnu ábyrgðartryggingu ökutækja og ennfremur gert ráð fyrir nokkrum öðrum breytingum á umferðarlögunum.

Samkvæmt gildandi ákvæðum umferðarlaga skal skrá öll skráningarskyld ökutæki hjá lögreglustjóra, þar sem eigandi ökutækisins er búsettur. Þá er eigendaskipti verða að skráðu ökutæki og hinn nýi eigandi er búsettur í öðru lögsagnarumdæmi, skal tilkynna lögreglustjórum beggja umdæma eigendaskiptin. Skal ökutækið þá skráð að nýju, en afskráð í umdæminu, sem það fluttist frá. Þegar eigandi ökutækis flyst búferlum með ökutæki sitt í annað lögsagnarumdæmi, skal eigandi senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal ökutækið þá afskráð í því umdæmi, sem það fluttist frá, en skráð að nýju í umdæminu, sem flutt er í. Gildir þetta þó eigi, þegar um skemmri dvöl er að ræða. Auk þess sem þannig hefur verið lögskilytt að umskrá ökutæki vegna flutnings ökutækja milli umdæma, hefur tíðkast að umskrá ökutæki að ósk eiganda, þótt eigi hafi það verið skylt að lögum.

Með auknum bifreiðafiölda hefur umskráningum farið mjög fjölgandi, og umsvif tengd þeim hafa aukist ár frá ári hjá hinum ýmsu lögreglustjóraembættum, svo og við Bifreiðaeftirlit ríkisins. Undanfarið hefur bifreiðafjöldi (í árslok), nýskráningar og umskráningar verið sem hér segir:

Ár	Fjöldi bifreiða	Nýskráningar	Umskráningar
1971	52489	7193	13321
1972	57155	6123	16900
1973	63189	7666	19800
1974	71364	9435	27340

Þessu auknu umsvif hafa kallað á fiölgun starfsliðs og aukinn rekstrarkostnað. Hefur því á undanfórnum árum verið til athugunar á hvern hátt draga megi úr kostnaði á þessu sviði og gera skráningarkerfið einfaldara, bæði fyrir þegnana og hið opinbera. Er með frumvarpi þessu lagður grundvöllur að því að skráningu ökutækja verði breytt á þann veg, að tekið verði upp fast númerakerfi fyrir allt landið, þar sem meginreglan er sú, að ökutæki haldi óbreyttum skráningarmerkium frá því það er fyrst skráð og þar til það er tekið af skrá sem ónótt. Kostir við þessa breytingu eru fyrst og fremst sparnaður í vinnu og aðstöðu, þar sem hætt yrði að umskrá ökutæki vegna flutnings milli umdæma eða annarra ástæðna. Jafnframt mundu falla niður þær skoðanir, sem nú er skylt að framkvæma við umskráningu. Sparnaður þessi mundi ekki einungis koma fram hjá þeim opinberu stofnunum, sem hlut eiga að máli (lögreglustjórum, bifreiðaeftirliti og þinglýsingadómurum), heldur einnig hjá eigendum ökutækjanna, svo og öðrum, t. d. váttryggingafélögum. Breytt skráningarkerfi mundi og auðvelda viðhald ökutækjaskrár og skýrsluvéla-vinnu, og draga úr hættu á misskráningum. Með breytingunni mundu falla niður þau auðkenni á ökutækjum, sem leiða af skiptingu landsins í skráningarumdæmi. Gert er þó ráð fyrir því, að hver lögreglustjóri haldi áfram skrá yfir ökutæki í umdæmi sínu, auk þess sem allsherjarsþjaldskrá verður haldin, svo sem nú er, og unnin í skýrsluvélum.

Undirbúningur að nýju skráningarkerfi er þegar hafinn, m. a. með kaupum á skráningarvél, sem skráir upplýsingar um ökutæki vegna þjaldskrár og á skrán-

ingarskirteini, auk þess sem hún gatar á strimil upplýsingar til úrvinnslu í skýrslu-
vélum. Er gert ráð fyrir því, að hvert ökutæki verði auðkennt með tveimur bók-
stöfum og þremur tölustöfum. Þessi undirbúningur er óháður því, hvort skrán-
ingarkerkjum verður breytt eða ekki, en kemur að notum, ef horfið verður að því
ráði að breyta þeim, en ekki er nauðsynlegt að skipta um merki á öllum ökutækjum
samþímis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Á undanförnum árum hafa verið fluttir til landsins allmargir vélsleðar. Öku-
tæki þessi eru mörg hver mjög hraðskreið. Eigi hafa vélsleðarnir verið skráðir, og
nokkur óvissa ríkt um, hvaða reglur skuli gilda um þá. Með frumvarpinu er lagt
til, að tekin verði upp sérstök skýrgreining fyrir ökutæki þessi og önnur skyld
og þau nefnd beltabífhjól. Jafnframt er gert ráð fyrir sérstökum reglum um belta-
bífhjól, svo sem um skráningu, váttryggingu og ökuréttindi. Skýrgreining sú, sem
frumvarpið gerir ráð fyrir, er í samræmi við hliðstæða skýrgreiningu í norskrí
og sænskri umferðarlöggjöf.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir því, að í reglugerð verði kveðið á um búnað beltabífhjóla,
svo sem nú er um dráttarvélar.

Um 3. gr.

Með breytingu á upphafsákvæði gildandi 10. gr. er lagt til, að heimild ráð-
herra til að setja ákvæði um gerð og búnað ökutækja verði skýrari, þannig að
hann hafi heimild til að setja frekari ákvæði um það efni en eigi aðeins nánari
ákvæði, svo sem nú er. Eru breytingar á gerð ökutækja, búnaði o. þ. h. það órar,
að rétt þykir, að ráðherra hafi heimild til að kveða á um frekari atriði.

Síðari málsgreinin er nýmæli. Er lagt til, að dómsmálaráðherra verði heim-
ilað að banna notkun búnaðar, sem eigi hefur hlotið viðurkenningu Bifreiðaeftir-
lits ríkisins, svo og viðskipti með slíka hluti eða búnað. Er nauðsynlegt að hafa í
lögum þessa heimild til að koma í veg fyrir notkun búnaðar, sem getur verið
hættulegur, svo og til að koma í veg fyrir sölu búnaðar, sem eigi uppfyllir til-
skildar kröfur um gerð og gæði, t. d. öryggisbelti.

Um 4. gr.

Yfirgnæfandi fjöldi nýrra ökutækja er í upphafi skráður í Reykjavík, þar
sem þau eru flutt inn. Með breyttu skráningarkerfi mun þeim ökutækjum fjölga
að mun, sem þar verða skráð, án tillits til þess, hvar eigandi er búsettur. Þegar
þessa er gætt og svo þess, að hætt verður að umskrá ökutæki vegna flutnings milli
umdæma, er eðlilegt, að Bifreiðaeftirlit ríkisins, sem eigi er bundið við einstök
lögsagnarumdæmi, taki við skráningarhlutverki því, sem lögreglustjórar nú hafa,
jafnframt því sem það heldur allsherjarspjaldskrá yfir ökutæki, svo sem verið
hefur. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því, að lögreglustjórar haldi skrá yfir
ökutæki í umdæmum þeirra samkvæmt gögnum frá bifreiðaeftirlitinu.

Með breytingu þeirri, sem í frumvarpsgreininni felst, er gert ráð fyrir því, að
tekin verði upp skráning beltabífhjóla.

Samkvæmt gildandi ákvæðum skulu vera skráningarmerki framan og aftan
á öllum skráningarskyldum ökutækjum, þ. á m. bífhjólum, léttum bífhjólum og
dráttarvélum. Nokkur slyshætta er talin stafa af skráningarmerkjum framan á
bífhjólum og léttum bífhjólum. Þá eru skráningarmerki aftan á dráttarvélum oft
hulin vegna tækja, sem við dráttarvélinu eru tengd, auk þess sem oft er erfitt að

festu þar merki. Sömu sjónarmið eiga við um beltabífhjól. Með frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir því, að á ökutækjum þessum verði einungis eitt skráningarkerfi. Í reglugerð verður kveðið nánar á um, hvar skráningarkerfi skulu fest á ökutæki þessi.

Um 5. gr.

Samkvæmt 1. málsg. er gert ráð fyrir því, að bifreiðaeftirlitið láti í té skráningarkerfi í stað lögreglustjóra, og er það í samræmi við breytt hlutverk bifreiðaeftirlitsins.

Þá er efni 2. málsg. 12. gr. laganna nokkuð breytt, og er gert ráð fyrir því, að settar verði reglur um heimild til að nota ökutæki, þegar skráningarkerfi hefur glatast.

Um 6. gr.

Hér kemur bifreiðaeftirlit í stað lögreglustjóra.

Um 7. gr.

Í samræmi við meginbreytingu á skráningarkerfi fellur niður skylda til að umskrá ökutæki vegna flutnings milli umdæma. Hins vegar verður áfram nauðsynlegt að tilkynna eigendaskipti, og hvílir sú skylda bæði á seljanda og kaupanda, en kveðið er skýrar á um það, innan hvaða frests tilkynning skuli hafa borist. Þá er kveðið á um það, að eiganda skuli ætíð skylt að tilkynna breytingu á lögheimili, hvort sem er vegna flutnings innan lögsagnarumdæmis eða milli umdæma. Loks felst í greininni það nýmæli, að tilkynna skuli, ef eigandi ökutækis breytir um nafn. Er nauðsynlegt, að í ökutækjaskrá séu ætíð fyrir hendi glöggar upplýsingar um eigendur ökutækja.

Um 8. gr.

Breyting sú, sem felst í 1. málsg., er vegna hins nýja hlutverks Bifreiðaeftirlits ríkisins við skráningu ökutækja. Þá er með 2. málsg. bætt inn ákvæði um, að dómsmálaráðherra skipi bifreiðaeftirlitinu framkvæmdastjóra, og loks er lagt til, að í lögum verði kveðið á um það, að bifreiðaeftirlitsmenn hafi lögregluvald á starfssviði sínu.

Um 9. gr.

Breyting á grein þessari er vegna hins nýja hlutverks bifreiðaeftirlitsins við skráningu ökutækja.

Um 10. gr.

Efni greinar þessarar er skipað á annan veg en áður. Vegna breytts skráningarkerfis er gert ráð fyrir því, að Bifreiðaeftirlit ríkisins taki framvegis ákvörðun um það, hvar og hvenær almenn skoðun skuli fram fara. Þá má gera ráð fyrir því að samfara endurbótum á starfsaðstöðu bifreiðaeftirlitsins verði reistar skoðunarstöðvar, þar sem skoðuð verða ökutæki úr fleiri umdæmum en einu.

Um 11. gr.

Breyting sú, sem felst í 1. málsg., er til samræmis við aðrar breytingar. Þá er fellt niður ákvæði gildandi 3. málsg. 19. gr., enda á það eigi lengur við, er umskráningar falla niður með breyttu skráningarkerfi.

Um 12. gr.

Breytingar á grein þessari eru til samræmis við aðrar breytingar frumvarpsins. Ákvæði 4. málsg. er flutt úr gildandi 14. gr.

Um 13. gr.

Hér kemur bifreiðaeftirlit í stað lögreglustjóra.

Um 14. gr.

Ákvæði greinar þessarar er nýmæli. Er gert ráð fyrir, að til aksturs beltabifhjóla þurfi ætíð ökuskirteini, er veiti rétt til aksturs einhvers vélknúins ökutækis.

Um 15. gr.

Í gildandi lögum eru eigi ákvæði um hámarkslengd ökutækja. Þykir rétt að lögfesta ákvæði um þetta efni, og er ákvæði greinarinnar í samræmi við það, sem víða tíðkast erlendis.

Um 16. gr.

Samkvæmt 56. gr. umferðarlaga er gert ráð fyrir því, að vegamálastjóri geti leyft frávik frá reglum um öxulþunga og heildarþyngd ökutækja, almennt og vegna sérstakra flutninga. Telja verður, að vegamálastjóri geti einungis fjallað um þá vegi, sem hann hefur umsjón með samkvæmt vegalögum. Umferðarlög gera þannig ekki ráð fyrir aðila, sem leyft getur frávik frá þungaákvæðum, þegar um er að ræða vegi, þar sem Vegagerð ríkisins er eigi veghaldari. Er því lagt til, að fráviksheimild greinarinnar verði í höndum veghaldara, en veghaldari er sá, sem sér að öllu leyti um vegagerð og viðhald vega.

Um 17. og 18. gr.

Breytingar á 57. og 58. gr. umferðarlaga eru vegna hinna nýju reglna um beltabifhjól, en gert er ráð fyrir, að um notkun beltabifhjóla gildi hliðstæðar reglur og um dráttarvélar að því er varðar drátt tengi- og festivagna og tengitækja.

Um 19. gr.

Vátryggingarfjárhæðir fyrir hina lögboðnu ábyrgðartryggingu ökutækja voru á síðasta ári hækkaðar í 6 millj. kr. fyrir bifreiðar, 3 millj. kr. fyrir bifhjól og dráttarvélar og 2 millj. kr. fyrir létt bifhjól. Vegna verðlagsþróunar þeirrar, sem síðan hefur orðið, er lagt til, að vátryggingarfjárhæðirnar verði nú hækkaðar á ný, þannig að aukið verði öryggi þeirra, sem fyrir tjóni kunna að verða, svo og eigenda ökutækjanna. Er gert ráð fyrir því, að vátryggingarfjárhæð vegna bifreiða tvöfaldist og verði 12 millj. kr., en vátryggingarfjárhæð vegna annarra ökutækja verði 6 millj. kr. Til athugunar hefur verið að breyta ákvæðum um vátryggingu og vátryggingarfjárhæðir frekar, en að svo stöddu eru eigi gerðar tillögur um það efni.

Um 20. gr.

Eigin áhætta þess, sem fébótaábyrgð ber á tjóni af völdum bifreiðar, er nú allt að 12 000 krónur. Með hækkun vátryggingarfjárhæða og óbreyttu ákvæði 73. gr. umferðarlaga yrði eigin áhætta allt að 24 000 krónur. Þykir eigi rétt að hækka eigin áhættu svo mjög að krónutölu, og er því lagt til, að eigin áhætta vegna tjóns af völdum bifreiðar hækki í allt að 15 000 krónur.

Um 21. gr.

Svo sem greinir í almennum athugasemdum frumvarpsins er undirbúningur að nýju skráningarkerfi þegar hafinn. Enn er þó eigi unnt að tímasetja, hvenær nýtt skráningarkerfi gæti að fullu komið til framkvæmda, og er því lagt til, að dómsmálaráðherra ákveði, hvenær hin nýju ákvæði um skráningu skuli taka gildi.

Þegar eru í notkun allmörg ökutæki, sem teljast beltabifhjól samkvæmt frumvarpinu. Er nauðsynlegt að ætla eigendum þeirra hæfilegan tíma til að tilkynna þau til skráningar.

Loks er lagt til að breytingar á vátryggingarfjárhæðum miðist við nýtt vátryggingartímabil.